



Nefndarsvið Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir
Þórshamri við Templarasund
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 125/976
komudagur 9.3.2000

Akranesi 7. mars 2000
Tilvísun: L00030001

Efni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386 mál.

Landmælingar Íslands þakka erindi yðar frá 28. febrúar sl. þar sem farið er fram á umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum. Landmælingar Íslands vilja benda á að við framkvæmd þess lagafrumvarps sem hér er fjallað um er augljós nauðsyn þess að með matsskýrslu sbr. 9. gr. frumvarpsins fylgi nægjanlega nákvæm kort af framkvæmdasvæði þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir og breytingar á landslagi séu færðar inn. Á slíkum kortum er einnig æskilegt að fram komi grunnupplýsingar um yfirborð, landslag, gróður, ræktað land, byggingar og mannvirki, vatnafar og jökla, samgönguleiðir og örnefni. Einnig er æskilegt að komi fram á kortum með matsskýrslu upplýsinga um stjórnsýslumörk, mörk þjóðgarðar, fólkvanga og friðlýstra svæða og mörk þjóðlenda. Kort sem þessi segja meira en mörg orð og auðvelda öllum sem að málinu koma að meta umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar.

Bestu kveðjur

Magnús Guðmundsson
Magnús Guðmundsson
forstjóri